

✉ Re: Mál nr. 2020020043 - 1908020 - Móar

Búið til	25.3.2020 12:39:36
Höfundur	Trausti Baldursson
Sent	25.3.2020 12:39:35
Tilheyrir	 202002-0043 - Breytingar á aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar, skipulagslýsing - Móar

Efni

Re: Mál nr. 2020020043 - 1908020 - Móar

Upplýsingar

Vinnsla

Sent	25.3.2020 12:39:35	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Þátttakendur

Frá	Trausti Baldursson - NI (Trausti.Baldursson@ni.is)
Til	skipulag@hvalfjardarsveit.is

Innihald

Tilvísun í málsnr. 2020020043

Vísað er til meðfylgjandi tölvupósts frá Hvalfjarðarsveit, dags. 26. febrúar sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um skipulagslýsingu vegna breytingu á aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar vegna breytinga á landbúnaðarlandi í gildandi aðalskipulagi á jörðinni Móar yfir í verslunar- og þjónustusvæði. Samhliða verður að unnið að deiliskipulagi.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir framangreinda lýsingu og með hliðsjón af hlutverki stofnunarinnar og staðsetningu, umfangi, náttúrufari og eðli fyrirhugaðra framkvæmda gerir stofnunin ekki athugasemdir við skipulagslýsinguna.

Virðingarfyllst,

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8
210 Garðabær

Sími/Tele: 590 0500

Email: trausti@ni.is (mailto:trausti@ni.is)



From: Skipulag <skipulag@hvalfjardarsveit.is>
To: "ni@ni.is" <ni@ni.is>
Date: 02/26/2020 10:25 AM
Subject: 1908020 - Móar

Náttúrufræðistofnun Íslands
Urriðaholtsstræti 6-8
210 Garðabæ

Efni: Óskað er eftir umsögn.

**Kynning á breytingu á aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar.
Skipulagslýsing-Móar**

Sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar samþykkti á fundi sínum þann 11. febrúar 2020 að auglýsa skipulagslýsingu samkvæmt 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Svæðið er skilgreint sem landbúnaðarland í gildandi aðalskipulagi. Tillaga að aðalskipulagsbreytingu þar sem hluti svæðisins verður skilgreindur sem verslunar-og þjónustusvæði, samhliða er unnin tillaga af deiliskipulagi fyrir svæðið.

Með skipulagslýsingu þessari er íbúum og öðrum hagsmunaaðilum gefinn kostur á að koma með ábendingar og athugasemdir sem snúa að málefnum aðalskipulagsbreytinga.

Kynningarfundur verður á skrifstofu Hvalfjarðarsveitar föstudaginn 28.febrúar á milli 10:00 – 12:00

Athugasemdum/ábendingum skal skilað til skrifstofu Hvalfjarðarsveitar að Innrimel 3, 301 Akranesi, eða á netfangið skipulag@hvalfjardarsveit.is "merkt Móar" fyrir 27.mars 2020.

Með bestu kveðju,



Bogi Kristinsson Magnusen
Skipulags- og umhverfisfulltrúi Hvalfjarðarsveitar,
Innrimel 3, Hvalfjarðarsveit.
301 Akranes.
Sími 433 8500
skipulag@hvalfjardarsveit.is (mailto:skipulag@hvalfjardarsveit.is)

Viðhengi

ATT00001.jpg (2 KB)

image001.gif (2 KB)

image001.gif (2 KB)